

Fréttablað mars 2020



Samstarf

Ester og Guðrún frá félagsstarfi eldri borgara komu og heimsóttu börnin á Hulduheimum, Ester spilaði á píanó og söng með börnunum og Guðrún las bók. Það var gaman að fá þær í heimsókn og þökkum við þeim kærlega fyrir komuna.

Í byrjun febrúar fóru tveir elstu árgangar leikskólans í heimsókn í tónlistarskólann þar sem þau hittu Stefán trommukennara. Stefán fræddi börnin heilmikið um mismunandi slagverks hljóðfæri og spilaði tónlist frá ýmsum löndum. Þökkum við Stefáni kærlega fyrir móttökur.

Afmælisboð

Að gefnu tilefni ætlum við að biðja fólk um að setja **ekki** afmælisboðskort í hól barnanna í leikskólanum. Á hverju hausti er gefinn út listi með nöfnum og heimilisföngum allra barnanna í leikskólanum. Það á að auðvelda fólki að fara með boðskort á heimilin. Viljum við halda þessu utan við leikskólann.



Konudagskaffi

Konudagskaffið sem var 21. febrúar tókst mjög vel og var mæting góð þar sem allir áttu notalega stund saman. Boðið var upp á vöffur með sultu og rjóma, kaffi og mjólk. Þökkum við öllum þessum konum kærlega fyrir komuna.



Nemar

Í mars fáum við þrjá nema til okkar í vettvangsnám en þær eru í leikskólakennaranámi við HÍ. Fransiska Guðrún verður á Dvergaheimum, Guðrún Ósk verður á Ásheimum og Viktoría Ýr verður á Álfaheimum. Þær munu vera hjá okkur 2.-20. mars, bjóðum við þær velkomnar og vonum að þær eigi hjá okkur lærdómsríkan tíma.

Tannverndarvika

Petra og Signý komu til okkar í byrjun febrúar vegna tannverndarvinnunnar. Þær heimsóttu börnin á öllum deildum, Petra las bók um tannhirðu og sýndi þeim bangsa sem hægt er að tannbursta. Auðvitað fengu börnin að prufa að bursta bangsa. Þær gáfu börnunum tannbursta og tannkrem og færur við þeim okkar bestu þakkir.



Verkföll

Samþykktar hafa verið verkfallsaðgerðir hjá Foss. Allir leiðbeinendur og eldhússtarfsfólk eru í því stéttarfélagi. Verkföll hafa verið boðuð 9., 10., 17., 18., 24., 26., og 31. mars auk 1. apríl. Ef ekki verður búið að semja fyrir 9. mars mun starfsemin hjá okkur skerðast verulega. Skerðing verður þó mismunandi á deildum og fer þá eftir því hversu margir starfsmenn á deildunum eru í Kennarasambandinu til að halda starfsseminni í gangi.

Ræstingin hjá okkur er í Eflingu og hefur verið boðað verkfall frá 9. mars ef ekki verður búið að semja. Leikskólinn má vera opinn í þrjá daga án ræstingar en eftir það neyðumst við til þess að loka sem yrði þá 12. mars. Vonum við að samningar fari að nást svo ekki komi til lokunar eða skerðingar á starfsseminni. Biðjum við ykkur foreldra að fylgjast vel með gangi mála og við upplýsum ykkur eins og við getum.

Námsferð

Starfsfólk leikskólans fer í námsferð 30. apríl til 5. maí. Leikskólinn lokar kl. 12 þann 30. apríl og lokað verður 4. og 5. maí.

Sumarleyfi

Sumarleyfi hefst 8. júlí og fyrsti dagur að loknu fríi er 13. ágúst.



Vikan 1. - 7. mars

5. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
6. mars söngstund.
6. mars svartur litadagur.

Vikan 8. - 14. mars

10. mars Félag eldri borgara í heimsókn á Álfaheima.
12. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
12. mars tónlistarskólinn kemur í heimsókn eftir hádegi
13. mars rugldagur opið á milli deilda milli kl. 10 – 11.
13. mars umhverfisnefnd fundar kl 10.

Vikan 15. - 21. mars

19. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
20. mars söngstund.

Vikan 22.- 28. mars

26. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
27. mars söngstund.

Með kveðja

Elsa aðstoðarleikskólastjóri